



SUMMA

Sjálfbærni, umhverfi og samfélagsábyrgð

– Stefna og markmið Summu rekstrarfélags hf.

Samþykkt af: Stjórn Summu Rekstrarfélags hf.

Samþykkt: 26. júní 2024

Inngangur

Summu rekstrarfélag hf. („**Summa**“) er umhugað um sjálfbærni, umhverfi og samfélagsábyrgð og er aðili að IcelandSIFⁱ. Summa hefur einnig undirritað yfirlýsingu um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar og meginreglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI)ⁱⁱ. Summa hyggst innleiða ofangreind markmið og stefnu í starfsemi sína með markvissum hætti. Summa hefur starfað með íslenskum lífeyrissjóðum, t.a.m. á sviði innviðafjárfestinga og fjárfestinga í umhverfisvænum iðnaði. Í ljósi þeirra breiðu efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu áhrifa sem slík verkefni hafa þurfa þau að njóta almenns stuðnings í samfélaginu (e. *social licence to operate*).

Til þess skiptir höfuðmáli að við mat á fjárfestingarkostum og við eftirfylgni fjárfestinga séu umhverfið, félagslegir þættir og stjórnarhættir (UFS þættir) í forgrunni við ákvarðanatöku og skýrslugjöf.

Summa hefur haft slík viðmið til hliðsjónar en hyggst innleiða þau með markvissari hætti í starfsemi félagsins eftir því sem stærð, eðli og umfang starfseminnar leyfir og krefst. Markmiðið er tvíþætt, þ.e. að i) fjárfestingarnar séu ábyrgar skv. mati á UFS þáttum og ii) skili sjálfbærri ávöxtun til langs tíma. Þetta fer saman við hag og markmið íslenskra lífeyrissjóða sem hafa innleitt slík markmið í starfsemi sína auk annarra fjárfesta sem hafa svipaðar áherslur.

Stefna og markmið Summu

Summa vinnur nú að því að innleiða og samtvinnna ofangreinda þætti í alla starfsemi sína með markvissum hætti. Til viðmiðunar hefur Summa einkum leiðbeiningar Nasdaq um UFSⁱⁱⁱ og Global Reporting Initiative^{iv} sem eru alþjóðlega viðurkenndir staðlar um miðlun upplýsinga um samfélagslega ábyrgð og eru notaðir í yfir 100 löndum.

Það að leggja aukna áherslu á sjálfbærni og UFS þætti felur í grunninn í sér tvenns konar skuldbindingar:

- Að áhættugreina fjárfestingar með hliðsjón af sjálfbærni UFS þáttum um leið og þær eru metnar út frá öðrum þáttum svo sem fjárhagslegum fýsileika. Nota síðan þá greiningu sem hluta af ákvörðunartökuferlinu.
- Að gefa skýrslu um árangur í tengslum við UFS mælikvarða fyrir sjóðinn í heild og/eða einstaka fjárfestingar.

Stefna og markmið Summu ná til allrar starfsemi Summu, þ.e. verkefna sem fyrirtækið tekur að sér sem og sjóða sem fyrirtækið er með í stýringu, fjárfestinga þeirra sjóða sem og í verkefnum á sviði fjárfestingaráðgjafar og eignastýringar. Vinna við innleiðingu á stefnu og markmiði stendur nú yfir og til framtíðar er ráðgert að sérstakur starfsmaður sinni þessum verkefnum hjá Summu, sjóðum í stýringu, eignastýringu, fjárfestingaráðgjöf og einstökum í verkefnum.



S U M M A

Tilvísanir

- i. Tilgangur IcelandSif er að efla þekkingu fjárfesta á aðferðafræði sjálfbærra og ábyrgra fjárfestinga og auka umræður um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar, sjá <https://www.icelandsif.is/iceland-sif/um-iceland-sif/>.
 - ii. Meginreglurnar eru sex, sjá nánar <https://www.unpri.org/download?ac=10948>.
 - iii. Þótt leiðbeiningarnar Nasdaq séu einkum hugsaðar fyrir skráð fyrirtæki geta þær nýst öllum, sjá https://vidskiptarad.cdn.prismic.io/vidskiptarad/964ee324-5839-421d-9e6b-a85d871f67b0_2021_02_18-UFS-leidbeiningar.pdf
 - iv. <https://www.globalreporting.org/>
-